



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Smiðja, Tjarnargötu 9 101 Reykjavík

Reykjavík 04.10.2024

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2025, 2. mál 155.
Löggjafarþing – umsögn Félags skipstjórnarmanna**

Stjórn Félags skipstjórnarmanna skorar á alþingismenn að samþykkja ekki boðaða lækkun og í framhaldi afnám jöfnunarframlags til lífeyrissjóða, skv. framlögðu fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2025.

Samkvæmt útreikningum Gildi lífeyrissjóðs sem tók við skuldbindingum Lífeyrissjóðs sjómanna, þýðir afnám jöfnunarframlagsins um 5,7% lækkun lífeyris til lífeyrisþega sjóðsins sem er óásættanlegt.

Markmið örorkuframlagsins er að jafna mismunandi örorkubyrði á milli lífeyrissjóða. Því meiri sem örorkutiðni er hjá lífeyrissjóði, því minni er geta viðkomandi sjóðs til þess að greiða ellilífeyri.

Lífeyrissjóðurinn Gildi er með einna hæstu örorkuskuldbindingu lífeyrissjóða, tæp 20% lífeyrisgreiðslna sjóðsins eru vegna örorku.

Stjórnin ítrekar áskorun um að jöfnunarframlagið verði ekki skert.

Virðingarfyllt,

f.h. Félags skipstjórnarmanna

Árni Sverrisson
Formaður